

Undirritaður viðskiptamaður óskar eftir því að Eimskip annist losun á FCL gámi, hvort sem um LCL/FCL eða FCL/FCL gám er að ræða. FCL þýðir að viðskiptamaður ber ábyrgð á losun gáms, jafnvel þótt Eimskip framkvæmi raunverulega slíka aðgerð fyrir hans hönd.

Sölupöntun nr.	Gámanúmer
Viðskiptamaður	Kennitala
Símanúmer og tölvupóstfang	

Eimskip ber ekki ábyrgð á tapi eða skemmdum á innihaldi FCL/FCL gáms sem er hlaðinn af sendanda, án þess að vörutalning og hleðsla fari fram af hálfu Eimskip. Viðskiptamaður heldur Eimskip skaðlausu af hvers konar tapi eða skemmdum sem kunna að verða við tæmingu gáms hvort sem um LCL/FCL eða FCL/FCL gám er að ræða. Flutningsgjöld vegna LCL/FCL og FCL/FCL gáma miðast við að móttakandi losi gám. Gjald vegna losunar úr gámi er því reikningsfært samkvæmt gjaldskrá Eimskips til móttakanda gáms sem er ábyrgur fyrir losun gáms. Gjaldskrá gerir greinarmun á því hvort vara er á brettum eða laus hlaðin í gám.

Vörumóttakanda eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur tæmingu gáms, enda er tæming framkvæmd á hans ábyrgð. Viðskiptamaður heldur Eimskip skaðlausu af hvers konar tapi eða skemmdum sem kunna að verða.

Geymslugjöld reiknast samkvæmt gjaldskrá Eimskips á vöru sem er losuð er úr FCL gámi og sett í geymslu á vegum Eimskips.

Eimskip ber ekki ábyrgð á vöru meðan hún er í geymslum félagsins, inni eða úti, fyrir lestun í eða eftir losun úr flutningsfari. Vara er geymd að öllu leyti á áhættu viðskiptamanns, þannig að félagið getur ekki bætt fyrir tap eða skemmdir af völdum frosts, bruna, rýrnunar eða hvers konar annars tjóns sem fyrir kann að koma, hvort sem um er að ræða beint, óbeint eða afleitt tjón.

Eimskip ber hvorki ábyrgð á beinu né óbeinu eða afleiddu tjóni viðskiptamanns eða annarra sem hlýst af því að þjónustan er ekki framkvæmd í samræmi við beiðni þessa. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að verja, bæta og halda Eimskip skaðlausu gegn sérhverju tapi, skemmdum, ábyrgð eða kostnaði sem félagið verður fyrir vegna framkvæmdar þjónustu í samræmi við beiðni þessa.

Um þjónustu og verk sem Eimskip tekur að sér gilda siglingalög nr. 34/1985, flutningsskilmálar Eimskips, almennir þjónustuskilmálar SVÞ (Samtök verslunar & þjónustu) og aðrir viðeigandi skilmálar, en skilmálar þessir marka réttarstöðu viðskiptamanna gagnvart Eimskip. Viðskiptamenn eru hvattir til að kynna sér skilmálana á www.eimskip.is.

Vinsamlega sendið beiðnina undirritaða til Viðskiptaþjónustu Eimskips í faxnúmer **525 7269** eða sendið skannað í tölvupósti á netfang cci@eimskip.is.

_____ **Dags.**

_____ **f.h. Viðskiptamanns**